

## INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2024, miðvikudaginn 08. maí var haldinn 139. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir. Hjálmar Sveinsson, Sandra Hlíf Ocares. Pawel Bartoszek, og Björn Gíslason sátu fundinn í fundarsal. Einnig sat fundinn Theodór Kjartansson með fjarfundarbúnaði.

Fundarritari var Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 03. maí 2024, merkt USK24030206 þar sem lagt er til að gengið yrði að tilboði lægstbjóðanda sem er Malbiksstöðin ehf. að fjárhæð kr. 264.931.375 með vsk. í útboði nr. 15984 – Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2024 útboð 2, austan Reykjanesbrautar.  
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 03. maí 2024, merkt USK24030206 þar sem lagt er til að gengið yrði að tilboði lægstbjóðanda sem er Colas Ísland ehf. að fjárhæð kr. 228.276.320 með vsk. í útboði nr. 15983 – Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2024 útboð 1, vestan Reykjanesbrautar  
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 03. maí 2024, merkt USK23040221 þar sem lagt er til að gengið verði að lögsta tilboði frá Garðapjónustu Sigurjóns ehf. að fjárhæð kr. 28.949.370 með vsk. í útboði nr. 15993 – Beðahreinsun á stofnanalóðum í Reykjavík.  
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram til kynningar Úrskurður kærunefnd útboðsmála í máli nr. 5/2024 – sem varðaði kröfur í forvali og kærufrest – til kynningar.

Theodór Kjartansson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### Fundi slitið kl. 13:17

Hjálmar Sveinsson

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir  
Björn Gíslason

Pawel Bartoszek  
Sandra Hlíf Ocares